

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/133*  
*komudagur 4.11.2013*



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014, (verðlagsbreytingar o.fl., þskj. 3 – 3. mál.)**

BSRB lýsir yfir áhyggjum af þeim mikla niðurskurði sem boðaður er í fjárlagafrumvarpinu. Slíkum niðurskurði verður vart mætt með öðrum hætti en skerðingu á þjónustu í velferðarkerfinu. Frekari niðurskurður mun aðeins auka vandann með auknu atvinnuleysi og skila þeim sem mest þurfa aðstoð í samfélaginu lakari þjónustu með alvarlegum afleiðingum.

Frá efnahagshruni hefur starfsfólk hins opinbera þurft að sæta auknu vinnuálagi, skertum kaupmætti og búið við verri vinnuaðstæður, en hefur þrátt fyrir það lagt sitt á vogarskálarnar til að halda úti velferðarþjónustu fyrir ört vaxandi fjölda fólks sem hefur þurft á henni að halda. Gangi áætlanir eftir sem eru boðaðar í fjárlagafrumvarpinu og þess mikla álags sem hefur verið á starfsfólki síðustu árin, sérstaklega innan almannaþjónustunnar, er óraunhæft að ætla að þar sé hægt að halda úti þjónustu í óbreyttri mynd.

BSRB áréttar fyrri ábendingu um hættuna á auknu atvinnuleysi kvenna. Hjá ríkinu starfa að miklu meirihluta konur og uppsagnir munu því leiða til fjölgun kvenna á atvinnuleysisskrá. BSRB varaði sérstaklega við í upphafi kreppunnar að fyrst myndi karlastörfum fækka og þegar atvinnulífið tæki að glæðast á ný myndi halla á konur í þjónustu hins opinbera sem myndu missa störf sín og færu á atvinnuleysisskrá. Vandséð er hvernig það leysir vanda ríkissjóðs né hvernig það samræmist sjónarmiðum um kynjaða fjárlagagerð.

Enn fremur boðar frumvarpið niðurskurð hjá eftirlitsstofnunum á sama tíma og spara á með því að herða eftirlit með bótasvikum. Vandséð er hvernig skuli staðið að aukningu eftirlits með bótasvikum með minna fjárframlagi en áður.

BSRB varar eindregið við frekari niðurskurði í opinberri þjónustu. Frekari aðhaldsaðgerðir hjá hinu opinbera munu hafa mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér og í raun vinna gegn markmiðum stjórnvalda um að ná fram jöfnuði í ríkisrekstrinum þegar til lengri tíma er litið.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in purple ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is placed above the printed name.

Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri BSRB